

## 20. FUNDUR Í ÚTHLUTUNARNEFND UPPBYGGINGARSJÓÐS VESTURLANDS

---

BORGARNESI, FÖSTUDAGINN 20. MAÍ 2022 KL. 13:00

Fundur haldinn í úthlutunarnefnd Uppbyggingarsjóðs Vesturlands, föstudaginn 20. maí kl. 13:00 að Bjarnarbraut 8 í Borgarnesi.

Mæting úthlutunarnefnd: Sigríður Finsen og Brynjar Sigurðsson og Jónína Erna Arnardóttir. Helena Guttormsdóttir formaður var á hluta fundarins í gegnum fjarfundabúnað. Forföll: Kristján Sturluson

Mæting fagrað: Elva Ösp Magnúsdóttir formaður, Guðsteinn Einarsson, Ingunn Stefánsdóttir, Trausti Gylfason. Sædís Alexía Sigurmundsdóttir var með í gegnum fjarfundabúnað. Forföll: Nanna Guðmundsdóttir

Auk þess sátu fundinn starfsmenn SSV: Páll Brynjarsson, Ólöf Guðmundsdóttir, Helga Guðjónsdóttir, Svala Svavarsdóttir sem ritaði jafnframt fundargerð.

### 1. FUNDARSETNING

Sigríður Finsen setti fund og bauð fundarmenn velkomna og fór yfir skipulag fundarins.

### 2. UMSÓKNIR UM STYRKI TIL ATVINNU- OG NÝSKÖPUNARSTYRKJA

Fagrað og stjórn sjóðsins ræddu allar umsóknirnar sem bárust og fengu álit og mat frá atvinnuráðgjöfum. Samþykkt var að úthluta kr. 17.240.000 til 15 verkefna, en alls bárust 18 umsóknir um styrki.

### 3. ÚTHLUTUNARFÉ

Rætt um uppsafnað fé vegna niðurfelldra styrkja. Nú þegar er uppsafnað fé vegna niðurfelldra styrkja 2020 og 2021 og starfsfólki SSV falið að fara yfir eldri styrkveitingar og leggja til niðurfellingu fyrir 2022 á verkefnum sem er ekki lokið. Stefnt að því að nýta uppsafnað fé í sérstaka úthlutun öndvegisstyrkja 2023 þar sem auglýst er eftir umsóknum stærri viðskiptahugmynda.

### 4. ÚTHLUTUNARHÁTÍÐ

Rætt um tímasetningu og staðsetningu á úthlutunarhátíð og ákveðið að starfsfólk SSV myndi klára að vinna það mál með formanni úthlutunarnefndar.

## 4. ÚTHLUTANIR 2023

Rætt um tíðni og tímasetningar fyrir úthlutanir á hverju ári. Rætt um hvaða mánuðir henta annars vegar fyrir menningarstyrki og hins vegar atvinnu- og nýsköpunarstyrki. Niðurstaða fundarins var að starfsfólk SSV ræði þetta áfram og taki lokaákvörðun um það hvort farið verði í breytingar á þeim venjum sem unnið er eftir í dag.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:50.